

Snertu mig

Lag: Bubbi Morthens, Texti Bubbi Morthens og Mike Pollock

Snertu mig, snertu mig einu sinni enn
snertu mig aftur , ég er á förum senn.
Munnur minn þurr, augun blind.
Mig vantar skjól fyrir þreytta synd.
Safna kjarki, nýjum þrótt
örlög mín fara fyrir rétt í nótt.

Ég hyl sjálfan mig, forðast skugga
dauð blóm þarf ekki að hugga.
Ó, segðu mér já, segðu mér
er hægt að lækna brotið hjarta?

Segðu mér, segðu mér einu sinni enn
frá bálinu sem logaði, ríkur úr því enn?
Löngunin horfin, orðið kalt tóm
rödd þín hefur fengið nýjan hljóð.
Ég verð að safna kjarki, nýjum þrótt
því örlög mín verða ráðin í nótt.

Kysstu mig, kysstu mig einu sinni enn
kysstu mig bless, ég er á förum senn.
Ekki segja: „mér þykir vænt um þig“
Ég hef séð hvernig þú horfir á mig
Ég mun safna kjarki, nýjum þrótt
örlög mín voru ráðin í nótt.

Lagið má finna á eftirtöldum útgáfum

- Úr kvikmynd - Blindersker, saga Bubba Morthens (2004)
- Bubbi ; Das Kapital - 06.06.06 (2006)*